

**Mennta- og
menningarmálaráðuneyti:**

Úttekt á Setbergsskóla

Desember, 2011

Sigríður Harðardóttir
Unnar Hermannsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Samantekt niðurstaðna	3
3	Skólinn og umhverfi hans	5
3.1	Setbergsskóli	5
3.2	Starfsfólk	5
3.3	Aðbúnaður	6
3.4	Helstu einkenni skólans	7
3.5	Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins	8
3.6	Mat úttektaraðila	10
4	Skólanámskrá	11
4.1	Tengsl við aðalnámskrá	11
4.2	Tengsl við skólastefnu sveitarfélags	12
4.3	Mótun stefnu	12
4.4	Stefna um kennslu, námsskipulag og samstarf kennara	12
4.5	Fjölbreytt námsmat	13
4.6	Sjálfsmatsaðferðir	13
4.7	Samþætting grunnþátta	13
4.8	Tengsl við skóla og stofnanir	13
4.9	Skólareglur og meðferð mála	13
4.10	Mat úttektaraðila	14
5	Stjórnun og rekstur	15
5.1	Stjórnskipulag	15
5.2	Skólaráð	16
5.3	Hagsmunir nemenda	17
5.4	Mat úttektaraðila	18
6	Nám og kennsla	19
6.1	Menntun kennara	19
6.2	List- og verkgreinar	19
6.3	Fjölbreyttir kennsluhættir	20
6.4	Fjölbreytt námsmat	20
6.5	Nýting upplýsingatækni í kennslu	21
6.6	Lýðræðislegir kennsluhættir	21
6.7	Fyrirkomulag og umfang heimanáms	21
6.8	Valnámskeið nemenda	22
6.9	Einstaklingsbundnar námsáætlanir	22

6.10	Endurmenntun kennara	22
6.11	Þróunarverkefni	23
6.12	Mat úttektaraðila	23
7	Skólabragur og samskipti	25
7.1	Starfsandi og skólabragur	25
7.2	Agavandamál og einelti	26
7.3	Áætlanir og jafnrétti	27
7.4	Félags- og tómstundastarf nemenda	27
7.5	Mat úttektaraðila	28
8	Innra mat	29
8.1	Framkvæmd og verklag	29
8.2	Frammistöðumat	29
8.3	Mat úttektaraðila	30
9	Foreldrasamstarf og ytri tengsl	31
9.1	Samstarf Setbergsskóla og grenndarsamfélagsins	31
9.2	Foreldrar og skólastarfið	31
9.3	Mat úttektaraðila	32
10	Sérfræðipjónusta sveitarfélags	33
10.1	Námsráðgjöf	33
10.2	Sálfræðipjónusta	34
10.3	Talmeinaþjónusta	34
10.4	Sérkennsla	34
10.5	Heilsugæsla	35
10.6	Ytra mat	35
10.7	Mat úttektaraðila	35
11	Niðurstöður og mat úttektaraðila	37
11.1	Styrkleikar og veikleikar	37
11.2	Niðurstöður úttektaraðila	38
11.3	Tillögur til úrbóta	39
A	Viðaukar	40
A.1	Heimildaskrá	40
A.2	Viðmiðunarstundaskrá Setbergsskóla 2011/2012	41
A.3	Dagskrá vettvangsheimsóknar	42

1 Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum úttektar á starfsemi Setbergsskóla í Hafnarfirði. Úttektin er gerð á grundvelli 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytis um úttektir á grunnskólastigi. Úttektaraðilar voru valdir til verksins af ráðuneytinu í kjölfar auglýsingar og unnu verkið á grundvelli erindisbréfs.

Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi Setbergsskóla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans. Í úttektinni skal m.a. lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Stjórnun og rekstur
- Skólanámskrá
- Nám og kennslu
- Innra mat
- Skólabrag og samskipti
- Samstarf við foreldra
- Sérfræðipjónustu

Úttektin byggir á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, viðtölum við einstaklinga og hópa og vettvangsathugunum. Tekin voru viðtöl við fulltrúa nemenda, foreldra, kennara, annars starfsfólks, skólaráðs, fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar auk stjórnenda. Meðal þeirra fyrirliggjandi gagna sem úttektin byggir á eru mikilvægust skólanámskrá og starfsáætlun skólans, sjálfsmatsskýrslur og önnur gögn um innra mat, prófaniðurstöður (einkum úr samræmdum könnunarprófum og PISA), kennsluáætlanir auk annarra tölfræðilegra gagna um starfsemi Setbergsskóla.

Verkið var unnið á tímabilinu 15. október – 15. desember 2011. Vettvangsheimsókn fór fram 14. nóvember sl. og var gengið um húsakynni skólans og skólalóð skoðuð í fylgd stjórnenda. Viðtöl voru framkvæmd við alla helstu hagsmunaaðila og stóðu þau frá 08:15 til um 16:00.¹ Viðtöl og val á viðmælendum höfðu verið undirbúin í samræmi við tilmæli ráðuneytis og nutu úttektaraðilar m.a. aðstoðar skólastjóra við skipulagningu vettvangsheimsóknar. Vel var tekið á móti úttektaraðilum af stjórnendum skólans og fóru viðtölin öll vel fram. Viðtölin voru hljóðrituð til hægðarauka við vinnslu verksins og var þeim gögnum eytt af úttektaraðilum við verklok.

Fyrirliggjandi gögn fengu úttektaraðilar send fyrir vettvangsheimsókn frá stjórnendum skólans. Voru gæði gagnanna almennt mjög góð og bera þau faglegu starfi Setbergsskóla gott vitni að mati úttektaraðila. Mikið af lykilogögnum voru þegar aðgengileg á heimasíðu skólans (www.setbergsskoli.is) sem er fróðleg jafnt sem gagnleg síða og nýttist úttektaraðilum mjög við vinnslu verksins.

Úttektaraðilar voru í góðu sambandi við stjórnendur Setbergsskóla meðan á úttektinni stóð og fengu frekari upplýsingar eftir atvikum. Í samræmi við tilmæli ráðuneytis hafa skólastjóri og skólafyrirvöld í Hafnarfirði fengið skýrslu þessa til yfirlestrar og athugasemda. Er það engu að síður að lokum í höndum úttektaraðila hvort og að hvað miklu leiti tekið er tillit til þeirra athugasemda sem fram kunna að koma.

Vilja úttektaraðilar þakka öllum viðmælendum og einkum stjórnendum Setbergsskóla fyrir afar gott samstarf á verktímanum. Er það von úttektaraðila að niðurstöður verkefnisins megi nýtast til að gera skólastarf við Setbergsskóla enn betra. Til þess að auka nytsemi skýrslunnar fyrir alla hlutaðeigandi hafa úttektaraðilar haft að leiðarljósi að hafa skýrsluna eins hnitmiðaða og þeim er kostur, í stað málalenginga um atriði sem lesendum eru mögulega betur kunn en úttektaraðilum. Jafnframt eru helstu niðurstöður og tillögur settar fram í punktaformi af sömu ástæðum. Eftirfarandi niðurstöður byggja á faglegu og sjálfstæðu mati úttektaraðila sem þeir einir bera ábyrgð á.

¹ Sjá dagskrá vettvangsheimsóknar í viðauka A3.

2 Samantekt niðurstaðna

- Að mati úttektaraðila fer fram mjög faglegt og gott skólastarf við Setbergsskóla. Faglegt innra starf og þróunarstarf ýmiskonar hafa verið áberandi þættir í starfi Setbergsskóla frá upphafi.
- Fækkun nemenda hefur einkennt starfsumhverfi Setbergsskóla undanfarin ár og hefur það haft ýmsar afleiðingar á skólastarfið, t.d. fækkun bekkjardeilda (fjölgun nemenda í bekk).
- Hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshrunsins hafa verið meginviðfangsefni stjórnenda skólans undanfarin misseri. Má segja að aðgerðirnar hafi snert allt starfsfólk skólans, þótt sérstaklega hafi verið gætt að því að skerða sem allra minnst faglega þjónustu við nemendur.
- Stjórnun Setbergsskóla er skilvirk að mati úttektaraðila. Nýr skólastjóri kom til starfa haustið 2008. Verkaskipting er skilgreind og skýr, aðgengi gott að stjórnendum og samskipti virðast almennt opin og óheft. Gætt er að aðkomu helstu hagsmunaaðila við ákvarðanatöku.
- Skólanámskrá Setbergsskóla er greinargóð og vel uppsett. Starfsfólk og skólastjórnendur koma að gerð skólanámskrár og stefnu skólans. Skýr tengsl eru við aðalnámskrá grunnskóla frá 2008 og við skólastefnu Hafnarfjarðarbæjar.
- Skólaráð er virkt við Setbergsskóla og samsetning þess í samræmi við kröfur. Fundað er reglulega og eru fundargerðir ráðsins aðgengilegar á heimasíðu skólans. Nemendaverndarráð er jafnframt virkt við skólann og nemendaráð á unglingastigi einnig.
- Allir kennarar Setbergsskóla er með kennsluréttindi hvort sem um ræðir almenna bekkjarkennara eða list- og verkgreinakennara. Endurmenntun kennara er í góðu horfi og endurmenntunaráætlanir liggja fyrir.
- Fjölbreytni kennsluhátta í Setbergsskóla er talsverð. Stöðugt er unnið að fjölbreytni námsmats í skólanum.

- Öflugt þróunarstarf er við skólann og hefur verið til margra ára. Skólinn er framarlega hvað varðar læsi og skilning. SMT agakerfið er skýrt og skilmerkilegt og virðist skila góðum árangri.
- Starfsandi og skólabragur í Setbergsskóla er mjög góður. Samheldni ríkir á meðal starfsmanna, stjórnenda og nemenda skólans. Agavandamál og einelti eru í lágmarki.
- Félags- og tómstundastarf nemenda er gott. Nemendur eru ánægðir með starfið, samheldni ríkir í nemendahópnum og vel er stutt við bakið á þeim í félagsstarfinu.
- Við Setbergsskóla er unnið að innra mati í samræmi við gildandi kröfur. Matsteymi starfar við skólann og er starfað skv. fimm ára sjálfmatsáætlun (2008-2012). Gögn um sjálfsmat skólans eru aðgengileg á heimasíðu. Sjálfsmatsskýrslur liggja fyrir. Starfsmannasamtöl fara fram árlega.
- Samskipti Setbergsskóla við grenndarsamfélagið eru góð. Hverfið er rótgróið og samstarf við foreldra er virkt. Foreldrar eru að öllu jöfnu mjög ánægðir með starf skólans.
- Fræðsluráð Hafnarfjarðar annast málaflokk fræðslumála hjá Hafnarfjarðarbæ. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er skrifstofa fræðslusviðs undir yfirstjórn sviðsstjóra sem jafnframt er fræðslustjóri. Meginhlutverk Skólaskrifstofu er að styðja við heildarstefnu bæjarins í skólamálum og þjónusta skólastofnanir á fræðslusviði. Mjög faglega virðist vera unnið að fræðslumálum hjá sveitarfélaginu.

3 Skólinn og umhverfi hans

3.1 Setbergsskóli

Setbergsskóli í Hafnarfirði tók til starfa haustið 1989, en þá var fyrsti áfangi skólans tekinn í notkun. Fyrsta starfsárið voru 187 nemendur við skólann í 11 bekkjardeildum (1.- 7. bekk). Næstu árin í starfsemi skólans einkenndust af miklum vexti, samhliða uppbyggingu Setbergshverfis, og hefur verið byggt við skólann alls fjórum sinnum frá 1989. Hámarki náði nemendafjöldinn skólaárið 2000/2001 en þá voru nemendur 801 talsins í 35 bekkjardeildum. Þegar nemendafjöldi var í hámarki þurfti að bæta við færanlegum kennslustofum á skólalóð.

Síðastliðinn áratugur hefur hins vegar einkum einkennst af fækkun nemenda, sem má væntanlega að mestu rekja til þróunar í aldurssamsetningu Setbergshverfis á tímabilinu. Skólaárið 2011/2012 eru nemendur Setbergsskóla um 430 í 1.-10. bekk í 20 bekkjardeildum, eða rúmlega 40% færri en aðeins áratug fyrr.

Yngri bekkjardeildir eru því almennt fámennari en þær eldri, og í kjölfar sameiningar bekkjadeilda í 8. og 9. bekk eru tvær bekkjadeildir í öllum árgöngum Setbergsskóla. Hefur fjöldi nemenda í bekk á unglingastigi því orðið allt upp að 28 nemendum á yfirstandandi skólaári. Meðalstærð bekkja í Setbergsskóla er hins vegar undir 20 nemendum í bekk.

3.2 Starfsfólk

Í skólanum starfa nú um 40 kennarar auk skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, og tveggja deildastjóra. Menntunarstig kennara og stjórnenda er hátt, þar sem allir kennarar við skólann eru a.m.k. með kennaramenntun og margir með viðbótarnám að baki (sjá kafla 6.10 um endurmenntun). Í Setbergsskóla starfa reynslumiklir kennarar, þar sem hátt hlutfall kennara við skólann hafa starfað við skólann frá upphafi (1989) og margir komu þangað saman í upphafi úr Víðistaðaskóla. Meðalaldur kennara við skólann er yfir 50 ár og meðalstarfsaldur þeirra yfir 20 ár.

Við skólann starfa auk þess skólaliðar, stuðningsfulltrúar, náms- og starfsráðgjafi, þroskaþjálfari, sálfræðingur, skólaritari, hjúkrunarfræðingur, auk umsjónarmanns skólahúsnæðis. Að sögn stjórnenda hefur starfsmannavelta Setbergsskóla verið mjög lítil undanfarin ár og því er starfsaldur annars starfsfólks við skólann einnig hár. Um 85-90% starfsmanna Setbergsskóla eru kvenkyns.

3.3 Aðbúnaður

Almennt má segja að húsnæði Setbergsskóla sé gott, enda elsti hluti skólahúsnæðisins byggður fyrir um 20 árum. Í skólanum eru 23 almennar kennslustofur auk stofa fyrir list- og verkgreinakennslu, bókasafn og stofur fyrir tölvukennslu, sérkennslu og eðlis- og líffræðikennslu. Einnig er aðstaða fyrir unglinga (félagsmiðstöðin Setrið; www.zetrid.is), heilsugæslu og fjölnýtisalur (þar sem íþróttir voru kenndar fyrstu árin).

Kennarar eru almennt ánægðir með starfsaðstöðu sína, kennslustofur séu góðar og almennt vel búnar. Kennarar geta unnið í kennslustofum auk þess sem sameiginleg vinnuaðstaða er fyrir kennara í kennaraálmu. Tölvubúnaður var síðast endurnýjaður árið 2005 líkt og í öðrum skólum Hafnarfjarðarbæjar. Tvær tölvustofur eru við skólann.

Bókasafn er gott með ágætt úrval af bókum. Hefur aðstaðan á bókasafni skólans iðulega verið notuð t.d. við lestrarátök og yfirstandandi þróunarverkefni um læsi. Íþróttaaðstaða er ágæt við Setbergsskóla. Íþróttahús var byggt við skólann og var það afhent í desember 2005. Þar er íþróttasalur, þrjár kennslustofur sem ÍTH hefur nú afnot af fyrir heilsdagsskóla sem börn í 1. – 4. bekk sækja. Þar er einnig fyrirlestrarsalur. Húsið er nýtt á kvöldin og um helgar af ÍBH. Unglingar sækja íþróttakennslu í Kaplakrika (starfsaðstaða íþróttafélagsins FH). Aðstaða til sundkennslu yngri nemenda er í sundlaug Lækjarskóla en eldri nemendur sækja skólasund í Suðurbæjarlaug.

Skólalóðin er skemmtileg með leiksvæðum og gróðri og hefur lækurinn sem liðast um hana haft mikið aðdráttarafl. Stekkjarhraunið er hinum megin við lækinn með

miklum möguleikum til leikja og útikennslu. Á skólalóð er m.a. nýlegur körfuboltavöllur fyrir nemendur auk KSÍ sparkvallar. Skólalóð Setbergsskóla uppfyllir viðeigandi ákvæði sem til slíkra svæða eru gerðar skv. stjórnendum.

Frá og með skólaárinu 2004/2005 hefur nemendum og starfsfólki boðist heitur matur í hádeginu. Við skólann er starfrækt svokallað móttökueldhús og frá hausti 2010 hefur fyrirtækið *Skólamatur* komið að rekstri mótuneytisins og séð nemendum og starfsfólki fyrir heitum mat. Þessu til viðbótar hefur starfsfólk í eldhúsi Setbergsskóla séð nemendum fyrir hressingu og öðru því sem þurfa þykir. Eldhúsaðstaða við skólann uppfyllir viðeigandi kröfur, en skv. starfsfólki þar er heldur þröngt um starfsfólk í eldhúsi. Þartil nýlega var starfsmaður sem sá um mat á kennarastofu en sú þjónusta var lögð af frá og með hausti 2010.

3.4 Helstu einkenni skólans

Leiðarljós Setbergsskóla felast í hugtökunum *virðing, víðsýni og vinsemd*. Starfsfólk skólans vill efla virðingu nemenda fyrir sjálfum sér, foreldrum og öðrum. Með skólastarfinu vill skólinn auka víðsýni nemenda með því að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni í vinnubrögðum. Í samskiptum innan skólans er lögð áhersla á vinsemd í verki í hvívetna. Skólareglur Setbergsskóla eru m.a. byggðar upp í kringum þessi leiðarljós. Kjörorð Setbergsskóla eru „*Mennt er máttur*“.

Frá upphafi hefur verið sterk áhersla á faglegt þróunarstarf innan Setbergsskóla. Starfsmenn skólans hafa t.a.m. komið að því að semja og staðfæra námsefni á grunnskólastigi. Jafnframt hefur skólinn verið í fararbroddi að þróa samskipti milli skólastiga (leik-, grunn- og framhaldsskóla). Frá 2003 hefur skólinn verið forystuskóli í læsi- og námsvitund. Jafnframt er Setbergsskóli SMT skóli, sem felst í fyrirbyggjandi agakerfi sem felur í sér aðferðir til þess að stuðla að bestu mögulega aðlögun allra nemenda skólans.

Við Setbergsskóla hefur frá upphafi verið rík áhersla á listgreinar, s.s. kennslu í listnámi og kröftugu kórastarfi. Jafnframt hefur verið áhersla á íþróttir og

íþróttaiðkun nemenda og hafa margir afreksíþróttamenn komið frá Setbergsskóla undanfarin ár.

Árlegur kennslutími við Setbergsskóla er í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla (sjá m.a. viðauka A.2). Frá upphafi yfirstandandi skólaárs til 7. nóvember sl. hefur þurft að grípa til forfallakennslu í 609 tímum, þaraf hefur kennsla fallið niður í 147 tímum á sama tímabili.²

Að mati stjórnenda og fulltrúa fræðsluráðs/skólaskrifstofu hafa engin sérstök vandkvæði fylgt því að innleiða ákvæði laga um grunnskóla frá 2008. Hefur það almennt gengið vel og ekki leitt til sérstaks kostnaðarauka að mati stjórnenda Setbergsskóla. Almennt voru viðmælendur sammála um að t.d. skipun skólaráða við grunnskóla hafi verið til bóta frá fyrra fyrirkomulagi.

3.5 Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins

Líkt og fram kom í 3.1 hefur Setbergsskóli mátt búa við fækkun nemenda í kjölfar þróunar skólahverfis undanfarna rúma tvo áratugi. Nemur fækkun nemenda yfir 40% frá því sem mest var skólaárið 2000/2001. Þessi þróun olli því að stjórnendur Setbergsskóla voru þegar farnir að vinna að ýmsum hagræðingaraðgerðum þegar efnahagserfiðleikar skullu á að fullum þunga frá hausti 2008. Því má segja að verkefnið hafi verið þeim mun meira krefjandi.

Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins hafa verið umtalsverð við Setbergsskóla þó svo að greinilega hafi allir hagsmunaaðilar skólans staðið saman að því að áhrifin yrðu sem allra minnst á lögbundna þjónustu við nemendur. Einkum hafa áhrifin komið fram í niðurskurði á ýmissi stoðþjónustu við nemendur og kennara utan skólastofunnar. Ekki hefur þurft að grípa til mikilla uppsagna í kennaraliði skólans, en til þess að forða því hefur verið leitað allra leiða í samstarfi við kennara skólans. Allir hafa kennarar þó fundið fyrir breytingum þar sem skiplag skólastarfs hefur verið endurskoðað svo nýta megir starfskrafta alls starfsfólks til hins ýtrasta. Hefur reynsla kennaraliðs Setbergsskóla án efa verið skólanum mikill styrkur í

² Yfirlit yfir forföll og afleysingar tímabilið 25/08-07/11/2011, Setbergsskóli

gegnum þetta ferli, auk þess sem hár meðalstarfsaldur (þ.a.l. lægri kennsluskylda skv. kjarasamningi) hefur stuðlað að því að ekki hefur þurft að ganga jafn hart fram í uppsögnum kennara.

Meira hefur þurft að skerða starfshlutföll og fækka meðal annars starfsfólks skólans. Skólaliðum og stuðningsaðilum hefur verið fækkað, húsvarðastaða sameinuð leikskóla í nágrenninu, sérstakt mötuneyti kennara lagt af auk þess sem starfsfólki í stjórnun (deildarstjórum) hefur verið skorið niður, til þess að nefna nokkur dæmi. Yfirvinna alls starfsfólks hefur verið skorin niður auk þess sem leitað hefur verið allra leiða til að nýta vinnutíma alls starfsfólks sem allra best. Hagræða hefur þurft í myndmennta- og íþróttakennslu, með stærri hópum sem hefur komið niður á gæðum kennslu að mati viðeigandi kennara. Jafnframt hefur viðburðum á borð við vettvangsferðir verið fækkað, að sögn fulltrúa foreldra.

Góður starfsandi hefur einkennt Setbergsskóla frá upphafi að mati viðmælenda, með kraftmiklu félagslífi meðal starfsmanna utan vinnutíma, og hafa þrengingar undanfarinna missera því verið krefjandi fyrir starfsmannahópinn. Hefur markvisst verið unnið að því að reyna að viðhalda góðum starfsanda, bæði með frumkvæði starfsmanna sjálfra og stjórnenda. Stóraukin tími og orka stjórnenda hefur jafnframt beinst að hagræðingu í rekstri í stað faglegs innra starfs, og eru stjórnendur Setbergsskóla mjög meðvitaðir um þá stöðu í samskiptum sínum við starfsfólk. Vel kom fram í öllum viðtölum úttektaraðila að erfiður tími væri að baki og vonuðust allir til að framundan væri tími uppbyggingar skólastarfsins.

Fram kom hjá stjórnendum og starfsfólki skólans að krafa um hagræðingu í rekstri hefði ekki síst komið fram í sparnaði í verklegum framkvæmdum við skólahúsnæði Setbergsskóla. Nú væri svo komið að skólabyggingar væru verulega farnar að láta á sjá að utan sem innan. Jafnframt hefur verið viðvarandi ólag á hita- og/eða loftræstikerfi skólans undanfarin ár.

Fulltrúar fræðsluráðs Hafnarfjarðar vonuðust til að ekki þyrfti að koma til frekari hagræðingaraðgerða á næsta skólári. Í máli þeirra kom fram að erfitt væri að nálgast áreiðanlega tölfræði til samanburðar t.d. aðeins á milli grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, hvað þá varðandi landið allt. Jafnframt ollu lítil viðbrögð

mennta- og menningarmálaráðuneytis við tillögum fræðsluráðs til hagræðingar (svokölluð 5, 4, 3 -leið) nokkrum vonbrigðum þegar þau voru borin undir ráðuneytið.

3.6 Mat úttektaraðila

- Fækkun nemenda hefur einkennt starfsumhverfi Setbergsskóla undanfarin ár og hefur það haft ýmsar afleiðingar á skólastarfið, t.d. sameiningu hefðbundinna þriggja bekkjardeilda í tvær á unglingastigi. Verða nemendur í bekk á unglingastigi þá allt að 28 talsins.
- Kennarar við Setbergsskóla eru um 40 talsins á yfirstandandi skólaári og er kennarahópurinn bæði vel menntaður og reynslumikill. Góður starfsandi er einkennandi í skólanum.
- Faglegt innra starf og þróunarstarf ýmiskonar hafa verið áberandi þættir í starfi Setbergsskóla frá upphafi.
- Aðbúnaður Setbergsskóla er almennt góður. Skólahúsnæði er tiltölulega ungt og aðstaða öll góð. Skólalóð er skemmtileg og uppfyllir kröfur yfirvalda auk þess sem íþróttaaðstaða er til fyrirmyndar. Skortur á viðhaldi sl. misseri veldur stjórnendum skólans hins vegar áhyggjum.
- Hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshrunsins, til viðbótar ofangreindri fækkun nemenda, hefur verið meginviðfangsefni stjórnenda skólans undanfarin misseri. Má segja að aðgerðirnar hafi snert allt starfsfólk skólans, þótt sérstaklega hafi verið gætt að því að skerða sem allra minnst faglega þjónustu við nemendur. Ljóst er að aðgerðirnar hafa reynst starfsfólki Setbergsskóla erfiðar.

4 Skólanámskrá

Skólanámskrá Setbergsskóla liggur fyrir og er hún gefin út á hverju hausti. Skólanámskráin er tvískipt, annars vegar almennur hluti og hins vegar námsvísar hvers árgangs. Í almenna hlutanum má finna stefnu skólans, áherslur og leiðarljós. Þá má finna ágrip af söguskólans og ýmsar hagnýtar upplýsingar um starfsemi hans. Námsvísarnir eru aftur á móti lýsingar á þeim námsgreinum sem kenndar eru í hverjum árgangi. Í hverri námsgrein í námsvísi eru sett markmið, viðfangsefnin talin upp, hvert inntak námsgreinarinnar er og hvaða leiðir eru farnar í kennslunni og hvaða kennsluaðferðir notaðar, hvaða kennslugögn eru notuð og hvers konar námsmat er notað í viðkomandi grein og á hvaða þáttum það byggir.

Skólanámskrá Setbergsskóla má finna á vef skólans.

4.1 Tengsl við aðalnámskrá

Skólanámskrá Setbergsskóla tekur mið af aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2008 og eru nokkuð skýr tengsl þar á milli. Í þeirri aðalnámskrá grunnskóla sem hér um ræðir er lögð áhersla á aukið sjálfstæði skóla, meiri sveigjanleika í skipulagi náms og kennslu, áhersla lögð á einstaklingsmiðaða kennslu og samfellu í námi á milli skólastiga. Setbergsskóli tekur mið að þessum áherslum og birtast þær í skólanámskránni með þeim hætti að þar er lögð áhersla á sveigjanleika í námi og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Einstaklingsmiðað nám er haft að leiðarljósi að því marki sem efni og aðstæður gefa tilefni til. Samfella á milli skólastiga birtist m.a. með þeim hætti að gott samstarf er á milli leikskólanna í hverfinu og Setbergsskóla þar sem farnar eru heimsóknir bæði frá leikskólanum í grunnskólann og frá grunnskólanum í leikskólann. Tengslin við framhaldsskólana eru fyrst og fremst á unglingastigi og þá aðallega í 10. bekk þar sem m.a. starfsemi framhalsskólanna er kynnt nemendum og nemendur eiga þess kost að taka t.d. stærðfræðiáfanga á framhaldsskólastigi.

4.2 Tengsl við skólastefnu sveitarfélags

Skólastefna sveitarfélagsins Hafnarfjarðar var fyrst gefin út árið 2005 og síðan endurskoðuð og endurútgefin árið 2009. Skólastefna Hafnarfjarðar er leiðarvísir um skólastarf í Hafnarfirði, um vinnubrögð, skipulag og forgangsverkefni. Megináherslupættir skólastefnu Hafnarfjarðar eru sjálfstæði, samvinna og ábyrgð, samstarf og samábyrgð heimila og skóla, upplýsingagjöf og kynningarmál, húsnæði og starfsaðstaða, samstarf skólastiga og umhverfis, ráðgjöf, úrræði og sérfræðipjónusta, starfsfólk, símenntun og starfsþróun, forystuskólar, heilbrigðir lífshættir, umhverfi og heimabyggð, fjármál og áætlanagerð, mat á skólastarfi, skólaþróun og alþjóðlegt samstarf, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Flesta þessa þætti má finna í skólanámskrá Setbergsskóla og því má segja að megininntak skólastefnu Hafnarfjarðar komi fram í skólanámskrá Setbergsskóla. Þar er einnig tilgreint að skólastarfið og stefnumótun taki mið af skólastefnu sveitarfélagsins.

4.3 Mótun stefnu

Stefna skólans er mótuð af starfsfólki og hagsmunaaðilum undir forystu stjórnenda. Þetta er sameiginlegt verkefni skólasamfélagsins. Teymi eru síðan stofnuð til þess að fylgja eftir þeim verkefnum sem ákveðið hefur verið að vinna. Það kemur hins vegar ekki fram í skólanámskránni hverjir koma að mótun stefnunnar.

4.4 Stefna um kennslu, námsskipulag og samstarf kennara

Stefna skólans um kennslu, námsskipulag og samstarf kennara má finna í skólanámskránni. Hins vegar eru kennsluáætlanir ekki að finna þar nema upp að vissu marki, þ.e. námsvísarnir en ekki ítarlega áætlun fyrir hverja námsgrein í hverjum árgangi. Úr því mætti bæta. Hins vegar má finna þessar upplýsingar annarsstaðar því þær eru til í skólanum.

4.5 Fjölbreytt námsmat

Setbergsskóli hefur í skólanámskránni útfært fjölbreytt námsmat. Í skólanámskrá Setbergsskóla segir m.a. : „Námsmat getur verið í formi sjálfsmats, jafningjamats, munnlegra prófa, skriflegra prófa, kannana, verkefnavinnu, einstaklingsverkefna, hópverkefna, skýrslna, ritgerða, matsblaða og verkefnabóka.“

4.6 Sjálfsmatsaðferðir

Í skólanámskrá Setbergsskóla má finna kafla um mat á skólastarfi. Þar er fjallað um tilgang og markmið sjálfsmatsins en ekki greinagóð lýsing á sjálfsmatsaðferðum skólans. Hins vegar er matsáætlun, greinagóð lýsing á sjálfsmatsaðferðum og sjálfsmatsskýrslur síðustu ára aðgengilegar á vef skólans.

4.7 Samþætting grunnþátta

Samþætting grunnþátta inn í skólastarfið kemur að flestu leyti fram í skólanámskránni. Það er þó ekki með beinum hætti heldur í gegnum ýmsa aðra kafla skólanámskrárinnar, s.s. í stefnu skólans, námsvísum og kennsluáætlunum.

4.8 Tengsl við skóla og stofnanir

Tengsl Setbergsskóla við aðra skóla og stofnanir koma skýrt fram í skólanámskrá. Þar er m.a. tilgreint sérstaklega samstarf á milli skólastiga, þ.e. við leikskóla og framhaldsskóla. Einnig er tilgreint samstarf við skólaskrifstofu, sérfræðipjónustu sveitarfélagsins, heilsugæslu, tónlistarskóla og íþrótt- og tómstundafélög.

4.9 Skólareglur og meðferð mála

Skólareglur og meðferð mála koma skýrt fram í skólanámskrá. Þar má finna sérstakan kafla um skólareglur. Einnig er sérstakur kafli um svokallað SMT kerfi sem

er fyrirbyggjandi agakerfi sem felur í sér aðferðir til þess að stuðla að bestu mögulegu aðlögun allra nemenda skólans.

4.10 Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá er mjög skýr og vel uppsett. Hún skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsvísa. Námsvísarnir lýsa í megindráttum inntaki náms í öllum árgöngum en ekki er þar að finna kennsluáætlanir fyrir hverja námsgrein. Kennsluáætlanirnar má finna á heimsíðu skólans en lagt er til að þær verði einnig hluti af námsvísu og þar með skólanámskrá. Starfsfólk og skólastjórnendur koma að gerð skólanámskrár og stefnu skólans. Skýr tengsl skólanámskrár Setbergsskóla eru við aðalnámskrá grunnskóla frá 2008
- Skýr tengsl eru á milli skólanámskrár Setbergsskóla og skólastefnu Hafnarfjarðarbæjar að því leyti að meginþættir skólastefnu Hafnarfjarðar má finna í skólanámskrá Setbergsskóla.
- Áhersla lögð á fjölbreytt námsmat í skólanámskránni.
- Kafli um mat á skólastarfi í námskránni. Góð útlistun á tilgangi og markmiðum sjálfsmats en ekkert fjallað um sjálfsmatsaðferðir eða sjálfsmatsáætlun. Úr því mætti bæta og setja þessi atriði inn í skólanámskránni.
- Samþætting grunnþátta nokkuð skýr í skólanámskrá. Hugsanlega mætti þó vera sérstakur kafli um grunnþættina og hvernig þeir birtast í skólastarfi Setbergsskóla.
- Tengsl við aðrar stofnanir sveitarfélagsins eru talin upp í skólanámskrá. Sérstaklega er fjallað um tengsl við önnur skólastig, þ.e. leikskóla og framhaldsskóla.
- Skólareglur og meðferð mála koma skýrt fram í skólanámskrá ásamt umfjöllun um SMT agakerfið.

5 Stjórnun og rekstur

Stjórnun og fagleg forysta Setbergsskóla er í höndum skólastjóra sem nýtur m.a. stuðnings aðstoðarskólastjóra og deildastjóra. Samkvæmt opinberum gögnum skólans, þ.e. skólanámskrá og heimasíðu, ber stjórnendum að fylgja eftirfarandi:

Stjórnendum ber að tileinka sér góða og nútímalega stjórnunarhætti. Þeir skulu hafa að leiðarljósi jákvætt viðhorf til starfsmanna sinna, virkt upplýsingastreymi og dreifingu á valdi og ábyrgð. Þeir bera ábyrgð á störfum starfsmanna sinna og eiga að vinna með þeim að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Einnig eiga þeir að gera starfsmönnum kleift að taka framförum bæði faglega og sem einstaklingar. Stjórnendur skulu leitast við að hafa samráð við starfsmenn sína um málefni vinnustaðarins og beita sér fyrir sem víðtækastri sátt um þau. Stjórnendur eiga að vinna að þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni.


5.1 Stjórnskipulag

Í skólanámskrá er lítið fjallað um stjórnun skólans umfram ofangreint, en þó er tilgreint hvaða aðilar fara með stjórnun skólans. Verkaskipting stjórnenda er skýr og liggur fyrir í skriflegum gögnum skólans. Skólastarfið er almennt í mjög föstum skorðum og í samræmi við skólanámskrá. Nýr skólastjóri kom til starfa við Setbergsskóla haustið 2008. Hefur nýr skólastjóri m.a. lagt áherslu á að auðvelda aðgengi að stjórnendum og auka sýnileika með því að færa skrifstofu skólastjóra nær miðrými skólans.

Stjórnskipulag skólans er skilvirkt og gætt er að því að helstu ákvarðanir séu teknar að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Samstarf stjórnenda hvort heldur við starfsfólk, nemendur, foreldra og/eða skólayfirvöld er mjög gott.

Skipurit Setbergsskóla má sjá hér að neðan.

Skipurit Setbergsskóla:



5.2 Skólaráð

Skólaráð er virkt við Setbergsskóla og samsetning þess í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, þ.e. með fulltrúum grenndarsamfélags, foreldra, nemenda, starfsfólks auk kennara og stjórnenda. Fundir skólaráðs fara fram reglulega og er funda- og starfsáætlun ráðsins auk fundargerða birtar jafnóðum á heimasíðu skólans. Sem dæmi var ákveðið í skólaráði að halda skólaping Setbergsskóla í febrúar 2010 þar sem til umræðu var m.a.:

- Stefna skólans og leiðarljós
- Upplýsingaflæði innan skólans og út á við
- Fræðsla til foreldra

- Foreldrafélag skólans
- Félagsstarf með nemendum

Niðurstöður skólaþings hafa verið nýttar til áframhaldandi skólaþróunar. Lagt var upp með að skólaþing yrði haldið árlega, en ákveðið var að fresta atburðinum 2011 þar sem fulltrúar sveitarfélagsins héldu opinn kynningarfund um skólastarfið með stuttum fyrirvara á vorönn 2011.

Skólaráð þykir skilvirkur samráðsvettvangur allra helstu hagsmunaaðila Setbergsskóla og styrkir bakland stjórnenda að þeirra mati. Almenn ánægja er með skipan ráðsins og starf þess.

5.3 Hagsmunir nemenda

Í Setbergsskóla er starfandi nemendaverndarráð sem fundar hálfsmánaðarlega. Í því sitja skólastjóri sem jafnframt er formaður ráðsins, aðstoðarskólastjóri, deildastjórar, sérkennari, náms- og starfsráðgjafi auk hjúkrunarfræðings. Auk þess eru kallaðir til kennarar, skólasálfræðingur, tengiliður frá félagsþjónustu og fleiri aðilar eftir ástæðum.

Nemendafélag starfar við skólann í 8.-10. bekk. Árlega er kosnir tveir fulltrúar úr hvorum 10. bekk og einn fulltrúi úr hvorum 8. og 9. bekk. Formaður nemendafélags er jafnframt fulltrúi skólans í ungmennaráði Hafnarfjarðar.

Nemendafélag fundar vikulega og deildarstjóri unglingadeildar skólans skipuleggur starfið og leiðbeinir stjórninni. Nemendafélagið undirbýr og skipuleggur félagslíf unglingastigs, útgáfu ýmiskonar auk þess að reka sjoppu á skemmtunum. Að starfi nemendafélags koma einnig kennarar, stjórnendur, húsbörður og félagsmiðstöðin Setrið.

Framboð valgreina á unglingastigi er mjög fjölbreytt við Setbergsskóla. Til viðbótar miklu úrvali valgreina gefst nemendum kostur á að leggja til aðrar valgreinar. Hafa

kennarar tekið slíkt til greina ef fullnægjandi fjöldi nemenda sækist eftir nýrri valgrein.

5.4 Mat úttektaraðila

- Stjórnun Setbergsskóla er skilvirk að mati úttektaraðila. Nýr skólastjóri kom til starfa haustið 2008. Verkaskipting er skilgreind og skýr, aðgengi gott að stjórnendum og samskipti virðast almennt opin og óheft. Gætt er að aðkomu helstu hagsmunaaðila við ákvarðanatöku.
- Skólaráð er virkt við Setbergsskóla og samsetning þess í samræmi við kröfur. Fundað er reglulega og eru fundargerðir ráðsins aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skólaráð hefur komið með virkum hætti að ýmsum skólaþróunarverkefnum, svo sem *Skólapingi* árið 2010.
- Nemendaverndarráð er virkt við Setbergsskóla og nemendaráð á unglingastigi einnig. Félagsmiðstöð starfar innan veggja skólans og félagslíf nemenda virðist mjög gott. Framboð valgreina er gott á unglingastigi.

6 Nám og kennsla

Í skólanámskrá Setbergsskóla kemur fram að lykillinn að velgengni skólastarfsins sé mannauður skólans. Talið er mikilvægt að við skólann starfi fjölbreyttur hópur starfsmanna sem býr yfir ólíkri reynslu og þekkingu. Það er markmið Setbergsskóla að skólinn hafi ávallt á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum sem hafa frumkvæði, veita góða þjónustu og geta brugðist við síbreytilegum þörfum skólstæðinga sinna.

6.1 Menntun kennara

Til þess að ná markmiðum sínum er mikilvægt að skólinn hafi menntaða kennara í sínum röðum. Í Setbergsskóla er það svo að í öllum kennarastöðum eru kennarar með kennsluréttindi, hvort sem um ræðir almenna kennslu eða list- og verkgreinakennslu.

6.2 List- og verkgreinar

Hluttur list- og verkgreina í Setbergsskóla skólaárið 2011/2012 er með þeim hætti að í 1.– 4. bekk eru að jafnaði 6 kennslustundir á viku. Í 5.– 7. bekk eru að jafnaði 6 kennslustundir á viku og í 8.– 10. bekk er um val að ræða í verk- og listgreinum. Þess ber þó að geta að hluti valsins er bundinn list- og verkgreinum. Þar til í vetur var nemendahópum / bekkjum skipt til helminga í allar list- og verkgreinar. Það hefur hins vegar breyst og nú er það svo að til dæmis í myndmennt og sundi eru heilir bekkir í einu. Í stað tveggja kennara í sundi er núna aðstoðarmanneskja ofan í laug með yngri nemendum í 1.- 7. bekk. Áfram eru þó tveir kennarar í sundi í 8. -10. bekk þar sem þeir hópar eru mjög fjölmennir.

6.3 Fjölbreyttir kennsluhættir

Einn af áherslupáttum í skólastarfi Setbergsskóla er fjölbreytni í kennsluháttum. Það birtist m.a. í viðhorfi og þekkingu kennara á námi og kennslu. Kennarar leggja sig fram um að koma til móts við þarfir nemenda með fjölbreyttum hætti. Kennarar meta út frá viðfangsefninu hverju sinni, einstaklingunum og nemendahópnum hvaða aðferðir henti best til kennslunnar. Stöðugt er unnið að þróun fjölbreyttra kennsluhátta í Setbergsskóla, m.a. með námskeiðum fyrir kennara og unnið út frá hugmyndum og reynslu kennara.

6.4 Fjölbreytt námsmat

Fjölbreytni í námsmati er annar áherslupáttur í starfi Setbergsskóla og uppfyllir kröfur aðalnámskrár um fjölbreytni. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að endurskoða námsmat í skólanum með það að markmiði að hafa námsmatið fjölbreytt þannig að það mæli ólíka styrkleika nemenda. Nýlega luku kennarar skólans námskeiði um þetta viðfangsefni. Í skólanámskrá skólans má einnig finna útlíðun á því námsmati sem notað er við skólann. Í skólanum eru miðsvestrar- og vorpróf en auk þeirra er áhersla lögð á símat. Unnið hefur verið að því að minnka vægi lokaprófa, þ.e. miðsvestrar- og vorprófa og færa vægið meira yfir á smærri próf og kannanir sem lögð eru fyrir yfir veturinn. Hins vegar eru kennarar í Setbergsskóla sammála um að ekki beri að leggja lokaprófin af því þeim finnst þau mikilvægur undirbúningur undir nám í framhaldsskóla. Allt það mat sem unnið er í skólanum hefur leiðsagnargildi, þ.e. til leiðbeiningar kennurum í kennslu og nemendum í námi. Með þetta að leiðarljósi er markmiðið að taka upp svokallað leiðsagnarmat í Mentor innan skamms. Auk ofangreinds er vinnu nemenda safnað saman í námsmöppur sem fara heim reglulega yfir veturinn. Námsmatið er einnig alltaf skráð í verkefnabækur í Mentor. Vitnisburðarblöð fara heim með nemendum tvisvar á ári að loknum miðsvestrar- og vorprófum. Skilgreint viðmið fyrir námsárangur er ekki að finna hjá Setbergsskóla nema að litlu leyti, þ.e. í hraðlestri fyrir 2.- 4. bekk. (sjá viðauka)

6.5 Nýting upplýsingatækni í kennslu

Með tilkomu fjölbreyttra kennsluhátta eru tölvur og tækni meira notuð við kennslu nú en áður. Tölvur eru komnar í allar stofur og skjávarpar í hluta kennslustofa, aðallega á unglingastigi. Nemendur nota tölvur aðallega við upplýsingaleit, vinnsluverkefna (Word, Excel, PowerPoint) og við úrlausn rafrænna verkefna/forrita. Einnig er tölvustofan vel tækjum búin og fá nemendur kennslu þar í upplýsingamennt. Tölvur eru á bókasafni sem nýtast í upplýsingaöflun og fleira. Kennarar, skólastjórnendur og nemendur nefndu þó að tækjabúnaðurinn væri að verða gamall og kominn tími á endurnýjun og uppfærslu forrita.

6.6 Lýðræðislegir kennsluhættir

Kennsluhættir í Setbergsskóla eru lýðræðislegir að því marki sem lítur að lögum og reglugerðum um hlutverk kennara. Í Setbergsskóla er það í höndum hvers og eins kennara hvernig hann útfærir kennsluna svo framarlega sem markmiðum er náð og nemendur ná árangri.

6.7 Fyrirkomulag og umfang heimanáms

Í skólanámskrá Setbergsskóla er sérstakur kafli um heimanám. Þar má finna markmið og tilgang með heimanámi, hlutverk kennara, nemenda og foreldra í heimanámi barnanna sinna og upplýsingar um með hvaða hætti áætlanir um heimanám birtast. Vikuáætlanir í 1.-6. bekk eru sendar heim og/eða settar inn á Mentor. Nemendur í 7. -10. bekk geta séð heimavinnuna á Mentor en einnig er ætlast til að nemendur skrái heimavinnu í dagbækur. Umfang heimanáms er stillt í hóf en það fer eftir aldri, þroska og einbeitingu hvers og eins hversu mikið heimanámið er hverju sinni. Í skólanámskrá Setbergsskóla er viðmiðunartímatafla um heimanám sem nemendur og foreldra geta stuðst við. Sátt ríkir meðal foreldra um þetta fyrirkomulag og umfang heimanámsins.

6.8 Valnámskeið nemenda

Á unglingastigi í 8. -10. bekk er nemendum boðið upp á valnámskeið. Framboð valnámskeiða ræðst af eftirspurn. Nemendum gefst kostur á að koma með tillögur að valnámskeiðum en reynt er að hafa valið sem fjölbreytilegast og að allir finni námskeið við sitt hæfi. Valnámskeið nemenda er á engan hátt kynbundið. Bæði kyn hafa jafnan rétt á að sækja þau námskeið sem þau kjósa.

6.9 Einstaklingsbundnar námsáætlanir

Samkvæmt skólanámskrá Setbergsskóla og viðtölum við kennara eru einstaklingsbundnar námáætlanir útbúnar fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Í skólanum er starfrækt sérstakt námsver fyrir nemendur með einhverfu sem tók til starfa haustið 2007. Námsverið starfar eftir hugmyndafræði TEACCH sem Dr. Eric Schopler hannaði og setti fram eftir áralangar rannsóknir á bestu kennsluleiðum fyrir nemendur með einhverfu. Eitt af aðalmarkmiðum námsversins er að útbúa einstaklingsnámskrá fyrir hvern nemanda.

6.10 Endurmenntun kennara

Í Setbergsskóla er endurmenntunarstefna sem birtist í skólanámskrá. Það segir m.a. að starfsmenn skulu leitast við að laga sig að þeim kröfum sem starfið gerir til þeirra og skulu reiðubúnir að þjálfra sig til nýrra og breyttra verkefna. Auk þess segir í stefnunni að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan stofnunar til að auka þekkingu sína og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Í samtölum við kennara og skólastjórnendur kemur í ljós að farið er eftir þessari stefnu. Kennarar bera að miklu leyti ábyrgð á eigin endurmenntun ásamt stjórnendum. Starfsfólki gefst einnig kostur á að nýta sér framboð símenntunar sveitarfélagsins í samræmi við stefnu skólans. Framkvæmdaáætlun endurmenntunar fyrir hvert ár og hvern starfshóp skólans liggur fyrir og er aðgengileg á heimsíðu Setbergsskóla.

6.11 Þróunarverkefni

Í gegnum árin hefur Setbergsskóli tekið þátt í fjöldan öllum af þróunarverkefnum. Síðastliðin fimm ár hefur skólinn verið forystuskóli í læsi- og námsvitund. Þar er lögð áhersla á læsi í víðum skilningi með því að vinna með hugtök sem leið til aukins skilnings á öllum þeim viðfangsefnum sem nemendur fást við. Verkefnið hefur fest sig verulega í sessi og mun fylgja skólanum áfram. Annað stórt þróunarverkefni er svokallað SMT verkefni. SMT er fyrirbyggjandi agakerfi sem felur í sér aðferðir til þess að stuðla að bestu mögulegu aðlögun allra nemenda skólans. Ánægja hefur ríkt með verkefnið meðal starfsmanna skólans og mun það því halda áfram enn um sinn.

6.12 Mat úttektaraðila

- Allir kennarar Setbergsskóla er með kennsluréttindi hvort sem um ræðir almenna bekkjarkennara eða list- og verkgreinakennara.
- Kennslustundir í list- og verkgreinum er að jafnaði 6 kennslustundir í 1.-6. bekk en er bundinn að hluta til í vali á unglingastigi í 8.-10. bekk. Sú breyting hefur orðið á nú að t.d. í íþróttum og myndmennt eru heilir bekkir saman í hverri kennslustund þar sem áður var bekkjunum skipt upp til helminga. Þetta fyrirkomulag skapar meira álag á kennara greinarinnar auk þess sem hver nemandi fær ekki eins mikla aðstoða og athygli kennarans. Huganlega gæti þetta fyrirkomuleg rýrt gæði kennslunnar.
- Fjölbreytni kennsluhátta í Setbergsskóla er talsverð. Skólinn leggur áherslu á fjölbreytnina en það er samt sem áður undir hverjum og einum kennara komið hvernig sú fjölbreytni birtist. Treyst er á hæfni og styrk hvers kennara að útfæra kennsluna í samræmi við markmið námsgreinarinnar.
- Stöðugt er unnið að fjölbreytni námsmats í Setbergsskóla. Markmiðið er að námsmatið mæli ólíka styrkleika nemenda. Kennarar vilja samt sem áður einnig halda í lokaprófin vegna þess að þeir telja þau góðan undirbúning undir

framhaldsskólanám, en jafnfram minnka vægi þeirra. Stefnt er að því að taka upp svokallað leiðsagnarmat í Mentor þar sem bæði nemandi og kennari leggja mat sitt á árangur nemandans. Lagt er til að sú vinna hefjist sem fyrst.

- Nýting upplýsingatækni í kennslu er nokkuð góð. Gæti þó verið meiri og ítarlegri þar sem reynir enn meira á hæfni nemenda í þessum málum. Búnaður til kennslunnar nokkuð góður, en fljótlega kemur að því að endurnýja og uppfæra þurfi búnað og forrit.
- Sátt ríkir um fyrirkomulag og umfang heimanáms. Mentor er mikið notaður við gerð vikuáætlana sem er mjög jákvætt. Það gerir foreldrum auðveldara með að fylgjast með heimanámi barnanna.
- Framboð valnámskeiða á unglingastigi er mjög gott. Nemendur geta haft áhrif á framboð valgreina en það fer eftir eftirspurn hverju sinni hversu margar valgreinar eru í boði. Íþrótt- og félagsstarf metið sem valgrein.
- Einstaklingsbundnar námsáætlanir útbúnaðar fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Það eru aðallega nemendur með sérþarfir. Vel er hlúð að þeim í skólanum.
- Endurmenntun kennara í góðu horfi. Endurmenntunaráætlanir liggja fyrir. Hugsanlega er framboð námskeiða ekki nægjanlegt eða nógu fjölbreytt. Mikilvægt að endurmenntunin spegli áherslurnar í skólastarfinu hverju sinni.
- Öflugt þróunarstarf er við skólann og hefur verið til margra ára. Skólinn framarlega hvað varðar læsi og skilning. SMT agakerfið skýrt og skilmerkilegt og skilar góðum árangri.

7 Skólabragur og samskipti

7.1 Starfsandi og skólabragur

Allir þeir aðilar sem rætt var við og starfa í skólanum, þ.e. skólastjórnendur, kennarar og starfsfólk voru sammála um að starfsandinn í Setbergsskóla væri mjög góður. Samheldni ríkir í starfsmannahópnum. Ýmislegt er gert til þess að halda uppi góðum anda, eins og til dæmis hittast starfsmenn utan vinnutíma til þess að sinna áhugamálum, fara saman á jólahlaðborð og slíkt. Einnig hefur verið farið í náms- og kynnisferðir erlendis þar sem allir starfsmenn hafa kost á að koma með. Þær ferðir hafa heppnast mjög vel og voru þeir starfsmenn sem rætt var við sammála um að þær hafi aukið enn frekar á góðan starfsanda. Nemendur eru einnig sammála um að skólabragurinn í Setbergsskóla sé góður. Þeir segja að nemendur á unglingastigi séu samrýndir og hópurinn góður og að allir séu jafningjar.

Starfsmenn nefna þó að starfsandinn hafi kólnað örlítið síðustu misseri, aðallega vegna niðurskurðar í fjármálum sveitarfélagsins. Nefndu þeir dæmi um að nú séu ekki afleysingar annarra starfsmanna en kennara í veikindum sem gerir það að verkum að þjónusta skerðist og álag eykst á aðra starfsmenn. Afleysingar eru einungis ef um lengri fjarvistir eða launalaus leyfi er að ræða. Einnig nefndu þeir að nú þarf að vinna á svokölluðum gráu dögum, dagar þar sem nemendur og kennarar eiga frí eins og jólafrí, páskafrí og þess háttar. Það hafi ekki verið áður. Þá var starfshlutfall nokkurra starfsmanna skert þegar heilsdagsskólinn færðist frá fræðsluþjónustu yfir til fjölskylduþjónustu, n.t.t. íþrótt- og tómstundasviðs og ekki fékkst fullt starf fyrir starfsmenn skólans. Þessir hlutir komi niður á starfsandanum. Skólastjórnendur bentu einnig á þessa þætti og töluðu um þá óvissu sem ríkt hafði undanfarið en töldu þó að jafnvægi væri að komast á þessi mál.

7.2 Agavandamál og einelti

Í Setbergsskóla er unnið eftir stefnu sem nefnist SMT og er fyrirbyggjandi agakerfi eins og áður hefur verið nefnt. Skólareglur Setbergsskóla liggja til grundvallar agakerfinu. Umsjónarkennarinn sér til þess að nemendur fái grunnkennslu og þjálfun í þeim reglum sem í gildi eru í skólanum. Aðrir kennarar kenna þær reglur sem í gildi eru á þeirra svæðum. Það sama gildir um aðra starfsmenn. Allir taka þátt í að kenna og þjálfa nemendur í að framfylgja skólareglunum. Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að framfylgja reglunum er litið á það sem tækifæri til þess að kenna og æfa æskilega hegðun og stuðla að því að nemendur sýni virðingu, víðsýni og vinsemd sem eru gildi skólans. Mjög skýr og ítarlegur listi yfir agabrot og viðurlög má finna á heimsíðu skólans. Öllum nemendum er hrósað fyrir að fara að reglum skólans bæði með hvetjandi orðum og svokölluðum geislum. SMT verkefnið er unnið í góðri samvinnu við foreldra. Við skólann er starfandi SMT teymi sem stýrir verkefninu. Auk þess er einnig starfrækt svokallað lausnateymi sem vinnur að úrlausn ýmissa viðfangsefna sem tengjast SMT agakerfinu.

Eineltisteymi starfar einnig við Setbergsskóla. Hlutverk þess er að vinna eftir áætlun gegn einelti sem skólinn hefur sett sér. Eineltisáætlun er að finna á heimasíðu skólans. Þar má einnig finna ítarlegt ferli sem eineltismál fara í ef upp um þau kemst. Brýnt er fyrir öllum aðilum að tilkynna grun um einelti til umsjónarkennara þolanda sem kemur síðan málinu til námsráðgjafa og/eða eineltisteymis. Sátt ríkir um hvernig skólinn tekur á eineltismálum. Ef eineltismál eða önnur vandamál koma upp í nemendahópnum er skýrt hvert skal leita til að fá aðstoð. Nemendur leita í mörgum tilfellum til umsjónarkennara eða námsráðgjafa. Yfirlýst hlutverk námsráðgjafa í Setbergsskóla er að vera tals- og trúnaðarmaður nemenda, standa vörð um velferð þeirra og leita lausna í málum þeirra.

Þeir nemendur sem rætt var við í Setbergsskóla telja að ekki sé mikið um einelti í skólanum og fáir eða jafnvel enginn sem er alveg útundan, a.m.k. á unglingastiginu. Skólaliðar eru úti í öllum frímínútum og fylgjast vel með nemendum.

7.3 Áætlanir og jafnrétti

Í skólanámskrá Setbergsskóla og á heimasíðu skólans má finna allar þær áætlanir sem skólinn hefur sett fram. Í skólanámskrá má finna móttökuáætlun fyrir erlenda nemendur, nemendur með sérþarfir og nýja nemendur. Eineltisstefnu er einnig að finna í skólanámskránni en eineltisáætlun á heimsíðu skólans. Samhliða eineltisáætlun og eineltisstefnu má finna ítarlega útlistun á SMT agakerfinu, reglur og viðurlög á heimsíðunni.

Jafnréttis er gætt í hvívetna meðal nemenda í starfi skólans. Kynin hafa jöfn tækifæri til náms og félagsstarfa sem og erlendir nemendur og nemendur með sérþarfir svo framarlega sem hæfni þeirra og líkamlegt atgervi segir til um.

7.4 Félags- og tómstundastarf nemenda

Nemendafélag starfar í 8.-10. bekk. Þar sitja kjörnir fulltrúar og sinna félagsmálum nemenda í unglingadeild. Kosnir eru tveir nemendur úr hvorum 10. bekk en einn úr hvorum 8. og 9. bekknum. Nemendafélagið undirbýr og skipuleggur félagslíf unglinga svo sem böll og skemmtanir, jólagleði og árshátíð, gefur út símaskrá nemenda, rekur sjoppu á skemmtunum og notar hagnaðinn til að greiða niður vorferðir. Deildarstjóri unglingadeildar starfar með nemendafélaginu, skipuleggur og leiðbeinir. Auk deildastjórans koma aðrir kennarar, skólastjórnendur, húsvörður og félagsmiðstöðin Setrið að starfi nemendafélagsins.

Félagsmiðstöðin Setrið er starfrækt í Setbergsskóla. Hún er rekin af Íþrótt- og tómstundaráði Hafnarfjarðar og er aðili að SAMFÉS, samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi. Unglingar Setbergsskóla eru duglegar að sækja félagsmiðstöðina og fær nemendafélagið úthlutað einu kvöldi í mánuði þar sem nemendur eru við stjórnvölinn.

Í Setbergsskóla starfa þrír kórar. Litli kór (7 ára), yngri kór (8 og 9 ára) og eldri kór (10 ára og eldri). Með kórarstarfi gefst nemendum frekari tækifæri til þjálfunar í tónlistarflutningi umfram það sem fer fram í skólanum.

Þátttaka í félags- og tómstundastarfi nemenda Setbergsskóla er mjög góð.

7.5 Mat úttektaraðila

- Heilt yfir er starfsandi og skólabragur Setbergsskóla mjög góður. Samheldni ríkir á meðal starfsmanna, stjórnenda og nemenda skólans. Tímabundnar breytingar í kjölfar efnahagsþrenginga hafa að litlu leyti komið niður á starfsandanum en ekkert svo að vandamál eða mikil óánægja skapist.
- Agavandamál og einelti eru í lágmarki. Mjög vel unnið að þessu málum í skólanum, bæði með sérstöku agakerfi og eineltisfræðslu.
- Félags- og tómstundastarf nemenda er með ágætum. Nemendur eru ánægðir með starfið, samheldni ríkir í nemendahópnum og vel stutt við bakið á þeim í félagsstarfinu sem við kemur skólanum.

8 Innra mat

Við Setbergsskóla er unnið að innra mati í samræmi við gildandi kröfur. Matsteymi starfar við skólann sem starfar í samráði við skólastjóra. Starfað er skv. fimm ára sjálfmatsáætlun í senn og er áætlunin kynnt á hverju hausti á starfsmannafundi. Matsáætlun skólans gefur til kynna hvaða þættir eru metnir hverju sinni og hvaða aðferðum er beitt. Matsáætlun skólans er endurskoðuð árlega.

8.1 Framkvæmd og verlag

Allir helstu hagsmunaaðilar koma að innra mati Setbergsskóla. Við framkvæmd innra mats er m.a. notað tölvuforritið *Skólapúlsinn* (áður var forritið *Kanni* notað). Allar kannanir eru kynntar viðkomandi aðilum og á grundvelli niðurstaðna eru unnar umbótaáætlanir eftir því sem við á. Umbótaáætlanir á grundvelli innra mats verða liðir í verkefnaáætlun skólans. Almenn viðmið í sjálfmatsstarfi Setbergsskóla er að þau atriði verða að umbótaverkefnum sem ekki ná yfir 85% jákvæðum niðurstöðum. Sjálfsmatsskýrslur liggja fyrir og eru þær bæði sendar fræðsluyfirvöldum sveitarfélags og kynntar í skólaráði. Í sjálfsmatsskýrslum koma fram helstu niðurstöður innra mats, umbótaverkefni auk greining á styrkleikum og veikleikum skólastarfsins. Sem dæmi um þróunarverkefni sem unnin hafa verið m.a. á grundvelli innra mats má nefna:

- SMT skólafærni
- Átak í læsi nemenda
- Úrbætur á eineltisáætlun og forvarnastefnu

8.2 Frammistöðumat

Starfsmannasamtöl fara fram árlega og eru það skólastjóri auk aðstoðarskólastjóra sem framkvæma viðtölin. Viðtölin eru undirbúin með því að starfsmenn fengu lista með atriðum sem rædd eru. Í viðtölunum er m.a. rætt um áherslur skólastarfsins,

þróunarverkefni, frammistöðu í kennslu/starfi, líðan starfsmanns, styrkeika og atriði sem má bæra auk áherslur næsta skólaárs.

Líkt og fram kemur í sjálfsmatsskýrslum Setbergsskóla eru niðurstöður samræmdra könnunarprófa og PISA nýtt til skólaumbóta. Unnið er með niðurstöður prófanna í kennarahópum með það að markmiði að bæta kennslu og jafnframt sinna einstaklingsþörfum nemenda. Þörf fyrir stuðning og breytingu á kennsluháttum er svo unnin í framhaldi. Jafnframt er farið yfir niðurstöður samræmdra prófa í Skólaráði sbr. fundargerð dags. 8/12/2010 sem aðgengileg er á heimasíðu skólans líkt og gögn um sjálfsmat Setbergsskóla.

8.3 Mat úttektaraðila

- Við Setbergsskóla er unnið að innra mati í samræmi við gildandi kröfur. Matsteymi starfar við skólann sem starfar í samráði við skólastjóra. Starfað er skv. fimm ára sjálfsmatsáætlun. Gögn um sjálfsmat skólans eru aðgengileg á heimasíðu.
- Sjálfsmatsskýrslur liggja fyrir og eru þær bæði sendar fræðsluyfirvöldum sveitarfélags og kynntar í skólaráði. Í sjálfsmatsskýrslum koma fram helstu niðurstöður innra mats, umbótaverkefni auk greining á styrkleikum og veikleikum skólastarfsins.
- Starfsmannasamtöl fara fram árlega. Í viðtölunum er m.a. farið yfir áherslur skólastarfsins, þróunarverkefni, frammistöðu í kennslu/starfi, líðan starfsmanns, styrkeika og atriði sem má bæra auk áherslur næsta skólaárs.
- Unnið er umbótamiðað með niðurstöður samræmdra könnunarprófa og PISA.

9 Foreldrasamstarf og ytri tengsl

9.1 Samstarf Setbergsskóla og grenndarsamfélagsins

Samstarf Setbergsskóla og grenndarsamfélagsins er með góðu móti. Sem dæmi má nefna er mjög gott samstarf við íþróttafélög bæjarins þar sem nemendur á unglingastigi geta látið íþróttaiðkun sína gilda sem valgrein í skólanum. Einnig getur tónlistarnám, annað listnám, knapamerki og önnur félagsstörf gilt sem val á unglingastigi.

9.2 Foreldrar og skólastarfið

Við Setbergsskóla er starfrækt foreldrafélag sem stofnað var árið 1990. Í stjórn félagsins sitja 9 fulltrúar sem kosnir eru á aðalfundi, tveir aðalfulltrúar og tveir til vara. Tveir fulltrúar eru kosnir af starfsfólki skólans og auk þess sitja skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fundi félagsins. Foreldrafélagið fundar einu sinni mánuði auk þess að halda aðalfund einu sinni á ári. Foreldrafélagið styður við skólastarfið á margvíslegan hátt og stendur fyrir ýmsum viðburðum í samstarfi við skólann eins og t.d. jólaföndur þar sem nemendur og foreldrar koma saman fyrir jólin. Foreldrafélag Setbergsskóla hefur útbúið svokallaða handbók fyrir foreldra og bekkjarfulltrúa þar sem finna má allar upplýsingar um foreldrafélagið, hlutverk bekkjarfulltrúa og þátt foreldra í skólastarfinu. Foreldrafélagið á tvo til þrjá fulltrúa í hverjum bekk, svokallaða bekkjarfulltrúar sem standa að félagsstarfi í bekkjunum í samstarfi við umsjónarkennara. Þannig koma foreldrar m.a. að uppbyggingu á bekkjarbrag. Foreldrafélagið stendur fyrir námskeiðum fyrir foreldra barna í 1. og 8. bekk auk bekkjarfulltrúanámskeiða. Foreldrafélagið skipuleggur foreldrarölt á meðal foreldra nemenda í 8.-10. bekk þar sem gengið er um hverfið allar helgar til þess að fylgjast með unglingunum. Fulltrúi foreldra á einnig sæti í skólaráði.

Svokallað skólaþing var haldið árið 2010 þar sem öllum aðilum skólasamfélagsins gafst kostur á að tjá sig um skólastarfið. Þar kom meðal annars fram að

upplýsingaflæði frá foreldrafélaginu væri ábótavant. Það var tekið til gagngerðar endurskoðunar og hefur foreldrafélagið nú sitt svæði á heimasíðu skólans sem er mjög aðgengilegt. Mentor er einnig mikið notaður til þess að koma upplýsingum og skilaboðum frá foreldrafélaginu á framfæri í gegnum tölvupóst.

Í gegnum foreldrafélagið gefst foreldrum tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í skólastarfinu. Foreldrar geta komið skoðunum og sjónarmiðum sínum um skólastarfið á framfæri við stjórn foreldrafélagsins, fulltrúa foreldra í skólaráði, á fundum með umsjónarkennara og samskiptum við skólastjórnendur. Þar geta foreldrar einnig fengið greinargóðar upplýsingar um skólastarfið auk þess sem heimasíða skólans er mjög aðgengileg og hefur að geyma fundargerðir foreldrafélagsins og flestar þær upplýsingar sem foreldrar þurfa á að halda. Með setu í stjórn foreldrafélagsins og/eða annarri virkri þátttöku í skólastarfinu koma foreldrar að ákvarðanatöku um skólastarfið. Þeir foreldrar sem rætt var við voru sammála um að foreldrar hefðu lítið frumkvæði í því að setja sig í samband við foreldrafélagið eða fulltrúa foreldra í skólaráði þrátt fyrir að hafa mjög gott aðgengi að félaginu og fulltrúum þess.

9.3 Mat úttektaraðila

- Samskipti Setbergsskóla við grenndarsamfélagið er mjög gott. Hverfið er rótgróið og ekki mikil hreyfing á fólki. Því þekkjast margir í hverfinu og samfélagið í jafnvægi.
- Samstarf við foreldra er með miklum ágætum. Foreldrar að öllu jöfnu mjög ánægðir með starf skólans. Telja það mikinn kost að festa ríkir meðal starfsmanna skólans, en á móti kemur gæti það leitt til ákveðinna stöðnunar. Mikilvægt að fá inn nýtt fólk með nýjar hugmyndir og áherslur til starfa með eldra og reyndara starfsfólki. Gott starf er unnið innar foreldrafélagsins en stjórn þess óskar samt eftir meiri virkni foreldra og fleiri aðilum til að koma að foreldrastarfinu. Hugsanlega þarf að markaðssetja foreldra starfið með skilmerkilegri hætti.

10 Sérfræðipjónusta sveitarfélags

Fræðsluráð Hafnarfjarðar annast málaflokk fræðslumála hjá Hafnarfjarðarbæ sem „skólanefnd“ í skilningi laga um leikskóla og grunnskóla. Undir fræðslumál falla málefni leikskóla, grunnskóla, Námsflokka Hafnarfjarðar - Miðstöðvar símenntunar, PMT-FORELDRAFÆRNI og Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er skrifstofa fræðslusviðs undir yfirstjórn sviðsstjóra sem jafnframt er fræðslustjóri. Meginhlutverk Skólaskrifstofu er að styðja við heildarstefnu bæjarins í skólamálum og þjónusta skólastofnanir á fræðslusviði. Skólaskrifstofan hefur, í umboði fræðsluráðs, með höndum yfirstjórn skólamála hjá bænum. Henni ber að sjá til þess að lögum, reglugerðum og bæjarmálasamþykktum, sérstaklega skólastefnu Hafnarfjarðar, um skólastofnanir bæjarins sé framfylgt með faglegri sem fjárhagslegri ráðgjöf og eftirfylgni. Eitt af meginverkefnum skólaskrifstofu er að annast heildarskipulag sérfræðipjónustu (sérkennsluráðgjöf, sálfræðipjónustu, talmeinaþjónustu, innleiðslu PMT/SMT-skólafærni o.fl.). Helstu verkefni Skólaskrifstofu á þessu sviði eru: Úthlutun sérkennslumagns, eftirlit, þróun og eftirfylgni sérfræðipjónustu, umsjón og ráðgjöf með sérdeildum, nýbúadeild og fjölgreinadeild, skipulagning sálfræði- og talmeinaþjónustu, samskipti við félagsþjónustu og heilsugæslu, ráðgjöf til foreldra og úrlausn erinda til sálfræðipjónustunnar.

Í skólanámskrá Setbergsskóla er kafli um ráðgjöf og sérfræðipjónustu. Þar koma fram upplýsingar um sérfræðipjónustu Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og hvert skal leita ef óskað er eftir slíkri þjónustu. Aðgengi nemenda og foreldra að þjónustunni er gott. Verkferlar í kjölfar greininga liggja fyrir. Nemendur Setbergsskóla fá sjúkrakennslu í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða að sögn stjórnenda.

10.1 Námsráðgjöf

Við Setbergsskóla er starfandi námsráðgjafi. Til hans geta kennarar, nemendur og foreldrar leitað eftir ráðum og úrlausnum vegna náms og starfsvals, forvarna og fyrirbyggjandi starfs auk persónulegra málefna einstakra nemenda.

10.2 Sálfræðipjónusta

Skólasálfræðingur starfar í Setbergsskóla og hefur aðsetur þar. Sálfræðiaðstoð stendur nemendum til boða og þar með foreldum og kennurum þeirra. Aðstoðin getur verið af ýmsu tagi, svo sem greiningar vegna hegðunar- og námserfiðleika (ofvirkni, lestrarvandi o.fl.) og ráðgjöf. Beiðni til sálfræðings er gerð í skóla í samvinnu við foreldra/forráðamenn og er háð samþykki þeirra.

Heimsóknir nemenda til sálfræðings eru háðar leyfi foreldra. Hver sálfræðingur hefur ákveðna viðveru í hverjum skóla og fást þær upplýsingar hjá hverjum skóla fyrir sig.

10.3 Talmeinaþjónusta

Í grunnskólum Hafnarfjarðar er þjónusta við nemendur sem eiga við heyrnar- og talvandamál að stríða, í daglegu tali nefnd talmeinaþjónusta. Talmeinaþjónustan er aðkeypt frá nokkrum einkaaðilum og fer þjónustan fram fyrir milligöngu grunnskólanna sjálfra og Skólaskrifstofunnar.

10.4 Sérkennsla

Við Setbergsskóla er nemendum veittur viðbótarstuðningur í námi, ef hefðbundin bekkjarkennsla dugir ekki til og aðstæður leyfa, sem einu nafni er nefnd sérkennsla. Slíkur stuðningur getur verið margs konar, verið mismunandi eftir árgöngum og staðið mislengi yfir hjá hverjum nemanda eða allt frá 1-2 mánuðum til allrar grunnskólagöngunnar. Sérstakur umsýsluaðili er til staðar á Skólaskrifstofu vegna sérkennslu og er hann jafnframt tengiliður við foreldra barna í sérkennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar. Sérstakur deildarstjóri/fagstjóri sérkennslu er starfandi við Setbergsskóla.

Í sumum tilfellum duga ekki hefðbundin sérkennsluúrræði í skólum og þá er boðið upp á sérstök úrræði eða sérdeildir hjá Hafnarfjarðarbæ. Sérdeildirnar vinna eftir starfsskrá og viðhafa ákveðnar inntökureglur með sérstakri inntökunefnd sem í sitja

viðkomandi skólastjóri, forstöðumaður deildar og ráðgjafar- og þróunarfulltrúi á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Meginreglan er að nemendur eru teknir inn í sérdeild einu sinni á ári, þ.e. fyrir hvert skólaár og umsókn um dvöl í sérdeild sé skilað inn tímanlega að vori (fyrir 1. apríl).

10.5 Heilsugæsla

Heilsugæslustöðin á Sólvangi annast heilsugæslu í Setbergsskóla. Viðverutími hjúkrunarfræðinga í skólanum veturinn 2011/2012 er mánudaga kl. 8:00 – 12:00, þriðjudaga kl. 8:00 – 12:15, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 8:00 – 14:00. Mikil áhersla er á forvarnir og fræðslu. Á heimasíðunni 6h.is er yfirlit yfir þá fræðslu sem fer fram í hvernum árgangi. Nánari upplýsingar um starfssvið skólaheilsugæslu er að finna á www.6h.is.

10.6 Ytra mat

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar ber ábyrgð á ytra mati sveitarfélagsins í samræmi við lög um leikskóla og grunnskóla. Um framkvæmd ytra mats á skólastarfi er í gangi sérstakt þróunarverkefni sem leitast við að marka stefnu um hvernig sveitarfélagið Hafnarfjörður hyggst standa að ytra mati í samræmi við lög.

10.7 Mat úttektaraðila

- Fræðsluráð Hafnarfjarðar annast málaflokk fræðslumála hjá Hafnarfjarðarbæ. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er skrifstofa fræðslusviðs undir yfirstjórn sviðsstjóra sem jafnframt er fræðslustjóri. Meginhlutverk Skólaskrifstofu er að styðja við heildarstefnu bæjarins í skólamálum og þjónusta skólastofnanir á fræðslusviði. Á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar er mikið af upplýsingum bæði um starf Skólaskrifstofu og fræðslumál almennt í sveitarfélaginu sem benda til að mikil rækt sé lögð við faglegt skólastarf.

- Við Setbergsskóla eru starfandi námsráðgjafi, skólasálfræðingur auk sérkennsluþjónustu. Heilsugæsla er fastur punktur í skólastarfi Setbergsskóla og talmeinaþjónusta stendur til boða.

11 Niðurstöður og mat úttektaraðila

Hér á eftir er greining viðmælenda á styrkleikum og veikleikum Setbergsskóla líkt og þeir birtust viðmælendum í viðtölum við úttektaraðila. Loks koma helstu niðurstöður matsins (11.2) auk tillagna úttektaraðila til úrbóta (11.3).

11.1 Styrkleikar og veikleikar

<i>Styrkleikar</i>	<i>Veikleikar</i>
• Traustur góður skóli með mjög reyndu og hæfu starfsfólki. Skólastarfið í föstum skorðum • Faglegt innra starf (þróunarstarf) með góðum stuðningi fyrir þá sem þurfa. Metnaður fyrir hönd nemenda • Fjölbreyttar kennsluaðferðir, einkum á yngri stigum • Góður námsárangur nemenda (t.d. á samræmdum prófum). Góður undirbúningur fyrir framhaldsskóla • Góður starfsandi. Samheldinn hópur starfsmanna • Gott félagslíf nemenda. Nemendur almennt ánægðir með skólann sinn • Áhersla á list- og verkgreinar • Skólinn nýtur trausts í samfélaginu og nýtur góðs stuðnings frá foreldrastarfi	• Fækkun nemenda undanfarin ár • Of fjölmennir bekkir á unglingastigi • Vantar mögulega meiri nýjungagirni, mögulega fjölbreyttari kennsluhætti. Gæta þarf að því að of fastmótað skólastarf hamli ekki framþróun • Mætti skoða fleiri og fjölbreyttari leiðir í námsmati • Áhersla á hagræðingu undanfarin misseri hefur m.a. tafið nýráðningar og þ.a.l. eðlilega endurnýjun (hugmynda) sem er mikilvæg öllum kennarahópum

11.2 Niðurstöður úttektaraðila

Að mati úttektaraðila fer fram mjög faglegt og gott skólastarf við Setbergsskóla. Skólastarfið hvílir á herðum hæfra og reynslumikilla starfsmanna sem hafa margir hverjir starfað við skólann frá upphafi (1989). Góður andi og opin samskipti virðast ríkjandi meðal starfsmanna og almenn ánægja með aðgengi að stjórnendum skólans, en nýr skólastjóri kom til starfa haustið 2008. Gætt er að því að helstu hagsmunaaðilar komi að ákvarðanatöku.

Fækkun nemenda undanfarinn áratug samhliða hagræðingarkröfu í kjölfar efnahagshrunsins hafa einkennt skólastarfið nokkuð undanfarin misseri. Meginverkefni stjórnenda hefur verið að bregðast við þessari þróun og hafa þeir notið góðs af samheldnum og reynslumiklum hópi starfsmanna. Þessi tími hefur þó reynt nokkuð á innviði skólastarfsins og verið erfiður fyrir starfsfólk.

Eitt af megininkennum skólans frá upphafi hefur verið rík áhersla á faglegt innra starf og þróunarverkefni ýmiskonar og því hefur það verið sérstaklega erfitt fyrir starfsfólk Setbergsskóla að þurfa óhjákvæmilega að gefa eftir á sumum sviðum til að mæta kröfu um rekstrarhagræðingu. Mikilvægt er að koma á jafnvægi á ný sem fyrst í skólastarfið svo starfsfólk geti hafist handa við áframhaldandi framþróun skólastarfsins, í stað óvissu um mögulegar frekari niðurskurðaraðgerðir. Allar leiðir til að fjölga nemendum á ný ættu að vera sérstaklega áhugaverðar fyrir skólann þar sem svigrúm hefur skapast til aukins umfangs, bæði í húsnæði og í starfsmannahaldi. Slík verkefni ættu líka að vera áhugaverð fyrir forsvarsmenn skólamála í sveitarfélaginu þar sem bæði reynsla starfsfólks og faglegt innra starf Setbergsskóla myndu gagnast enn fleirum.

Skólaráð er virkt við Setbergsskóla og eru fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans, sem er mjög góð (www.setbergsskoli.is). Foreldrastarf er mjög gott við skólann og skapar mikilvægt bakland fyrir faglegt starf, að mati bæði stjórnenda og kennara. Jafnframt virðist öll umgjörð skólamála hjá Hafnarfjarðarbæ (Skólaskrifstofu) vera góð og sveitarfélagið sinnir skyldum sínum í samræmi við ríkjandi kröfur.

Námsárangur nemenda hefur verið góður í Setbergsskóla. Allir helstu hagsmunaaðilar telja skólann undirbúa nemendur sína mjög vel undir nám á framhaldsskólastigi. Nemendur virðast almennt ánægðir í skólanum og félagslíf er gott. Gætt er að hagsmunum nemenda, t.a.m. með starfsemi nemendaverndarráðs og nemendaráðs.

11.3 Tillögur til úrbóta

- Mikilvægt að ná jafnvægi í skólastarfið eftir hagræðingaraðgerðir undangenginna ára. Starfsfólk þarf að öðlast sannfæringu fyrir því að tímabil uppbyggingar innra starfs sé hafinn á ný. Allar leiðir til að fjölga nemendum ætti að íhuga með opnum huga.
- Huga má frekar að því að skólanámskrá verði enn heildstæðari, þ.e. að allar stefnur, áætlanir, námsvísar og upplýsingar um skólastarfið verði aðgengilegar á einum stað, í skólanámskránni.
- Innra mat skólans er mjög vel unnið að mati úttektaraðila. Sjálfsmatsáætlun 2008-2012 er umfangsmikil en jafnvel mætti hafa í huga við endurskoðun sjálfsmatsáætlunar (2012-2016) hvort mögulega mætti straumlínulaga starfið frekar. Mögulega mætti t.d. fækka verkefnum innan hvers skólaárs, þar sem ekki er gerð krafa um að allir helstu þættir skólastarfsins séu skoðaðir innan hvers skólaárs, heldur einungis á áætlunartímanum. Gæta þarf að því að gera sjálfsmatsskýrslur opinberar á heimasíðu árlega.
- Heimasíða Setbergsskóla er góð og hefur verið bætt undanfarin misseri að sögn viðmælenda. Mikilvægt er að viðhalda flæði upplýsinga inná síðuna, að nýjar upplýsingar um skólastarfið, -stefnur og áætlanir rati inná heimasíðuna jafnóðum.

A Viðaukar

A.1 Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla 2006
- Aðalnámskrá grunnskóla 2011
- *Að settu marki*, starfsskýrslur fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar 2008-2011
- Fundargerðir skólaráðs Setbergsskóla
- Heimasíða Setbergsskóla (www.setbergsskoli.is)
- Lög um grunnskóla #91/2008
- Námsáætlanir Setbergsskóla skólaárið 2011/2012
- Reglugerðir um grunnskóla, einkum #435 (samr. könnunarpróf), #584 (sérfr.þjón. sveitarfél.), #657 (aðbúnaður), #658 (mat og eftirlit) og #1157 (skólaráð)
- Sjálfsmatsáætlun Setbergsskóla 2008-2012
- Sjálfsmatsskýrsla Setbergsskóla 2009
- Sjálfsmatsskýrsla Setbergsskóla 2010
- Sjálfsmatsskýrsla Setbergsskóla 2011
- Skólanámskrá Setbergsskóla
- Skólastefna Hafnarfjarðarbæjar
- Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði Setbergsskóla 2010/2011, dags. 10/2011
- Yfirlit yfir forföll og afleysingar tímabilið 25/08-07/11/2011, Setbergsskóli
- Yfirlit yfir stýrihópa og fagstjórn 2011/2012
- Verkaskipting stjórnenda Setbergsskóla, vinnskjal dags. 08/2011

A.2 Viðmiðunarstundaskrá Setbergsskóla 2011/2012³

Námsgreinar/bekkir	1.-4.b.	5.-7.b.	8.-10.b.	Vikulegur kennslutími
Íslenska	1240	880	720	2.840
Stærðfræði	840	720	640	2.200
Danska	0	120	440	560
Enska	40	240	440	720
Heimilisfræði	140	120	40	300
Íþróttir	480	360	360	1.200
Þar af skólaíþróttir	320	240	240	800
skólasund	160	120	120	400
Listgreinar	640	480	160	1.280
Þar af dans	0	0	0	0
leikræn tjáning	40	40	0	80
myndlist	160	120	0	280
textílmenn	160	120	0	280
tónmennt	200	80	0	280
sambætting listgreina	120	120	0	240
Lífsleikni	160	120	240	520
Náttúrufraði og umhverfismenn	320	440	440	1.200
Samfélagsgreinar/kristinfr./trúarbr.fra.	640	480	440	1.560
Þar af samfélagsfraði (1.-4. bk)	480	0	0	480
saga	0	120	120	240
landafræði	0	240	160	400
þjóðfélagsfraði (10. bk.)	0	0	80	80
kristin fraði/trúarbragða-/siðfraði	160	120	80	360
Hönnun og smíði	140	120	40	300
Upplýsinga- og tæknimenn	160	120	40	320
Valgreinar	0	0	440	440
Þar af Valgrein:	0	0	0	0
Valgrein:	0	0	0	0
Valgreinar 8.-10. bk	0	0	0	0
SAMTALS	4.800	4.200	4.440	13.440

³ Í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011 (8.5 bls. 37).

A.3 Dagskrá vettvangsheimsóknar

Dagskrá vettvangsheimsóknar í Setbergsskóla 14/11/2011:

Tímasetning	Fundarstaður	Þátttakendur
8:15 – 9:00	Fundaherbergi	Fulltrúar foreldra: Pálmar Sigurðsson, formaður foreldrafélags Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra í skólaráði Vilhjálmur Kári Haraldsson, fulltrúi foreldra í skólaráði
9:00 – 9:30		Gengið um skólahúsnæðið
9:30 – 10:00		Kaffihlé
10:00 – 11:00	Fundaherbergi	Fulltrúar annarra starfsmanna: Anna Annesdóttir, skólaliði og trúnaðarmaður Erla Jónsdóttir, skólaliði Ásta Eyjólfsdóttir, stuðningsfulltrúi Elín Ástráðsdóttir, skólaritari
11:00 – 11:45	Fundaherbergi	Fulltrúar úr hópi nemenda: Fulltrúar nemenda undir stjórn formanns nemendafélags
11:45 – 12:15		Matarhlé
12:15 – 13:00	Fundaherbergi	Fulltrúar úr skólanefnd (Formaður skólanefndar, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, hefur milligöngu um boðun)
13:00 – 14:00	Bókasafn	Fulltrúar kennara: Undir stjórn Margrétar Ólafar Jónsdóttur, trúnaðarmanns
14:00 – 15:00	Bókasafn	Fundur með stjórnendum: María Pálmadóttir, skólastjóri Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri Hálfdan Þorsteinsson, deildastjóri Sif Stefánsdóttir, deildastjóri